FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

# Áfangalýsing FAS

| | |
|---|---|
| **Titill** | Deildajöfnur og heildi |
| **Námsgrein:** | stærðfræði |
| **Viðfangsefni:** | deildarjöfnur, heildi |
| **Skammstöfun:** | STÆR3DH05 |
| **Þrep:** | 3 |
| **Einingafjöldi:** | 5 |
| **Lýsing:** | Unnið er með stofnföll falla, óákveðið og ákveðið heildi og heildunaraðferðir. Deildajöfnur af fyrsta stigi eru skoðaðar, einnig runur og raðir. |
| **Forkröfur:** | STÆR3DF05 |
| **Þekkingarviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• tengslum deildunar og heildunar<br>• helstu aðferðum við að finna ákveðin og óákveðin heildi<br>• fyrsta stigs deildajöfnum<br>• runum, röðum og þrepasönnunum |
| **Leikniviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• beita hlutheildun, innsetningu og liðun í stofnbrot við lausn heilda<br>• nota heildun til að reikna flatarmál undir ferli og rúmmál snúða<br>• setja upp og leysa fyrsta stigs deildajöfnur<br>• sanna reglur tengdar runum og röðum með stærðfræðilegri þrepun |
| **Hæfniviðmið:** | Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega á viðeigandi hátt<br>• átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna<br>• skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau<br>• geta fylgt og skilið röksemdir og röksamhengi í mæltu máli og texta, þar með taldar sannanir í námsefni |
| **Námsmat** | Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá. |